

Til fulltrúa á aðalfundi Eyþings.

Aðalfundur Eyþings 2019

Aðalfundur Eyþings verður haldinn í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík föstudaginn 15. nóvember og laugardaginn 16. nóvember verður framhald fundar í Dalvíkurskóla. Fundarsetning er kl. 12:30 á föstudeginum og eru áætluð fundarlok seinnipart laugardags.

Upplýsingar um gistingu verða sendar af Dalvíkurbyggð á næstu dögum. Tekið skal fram að fulltrúar sjá sjálfir um að greiða fyrir gistingu og morgunmat en kostnaður af mat og kaffi á fundarstað, ásamt hátíðarkvöldverði, verður greiddur af Eyþingi og síðar innheimtur af sveitarfélögunum eins og verið hefur. Varðandi hádegisverð við komuna til Dalvíkur er bent á að Basalt, veitingastaður í Menningarhúsinu Bergi, er með hádegisverðarhlaðborð alla daga <https://www.facebook.com/basaltbistro/>.

Dagskrá aðalfundar og önnur gögn verða send út a.m.k. tveimur vikum fyrir fund. Ályktanir og erindi sem sveitarfélög óska að leggja fyrir aðalfundinn skulu hafa borist stjórn Eyþings a.m.k. þremur vikum fyrir aðalfund.

Vakin er athygli á að lög Eyþings og fundarsköp er að finna á heimasíðu Eyþings www.eything.is. Þar er einnig að finna fundargerðir stjórnar Eyþings.

Akureyri 17. október 2018
f.h. stjórnar Eyþings

Helga María Pétursdóttir
starfandi framkvæmdastjóri